

Hrönn Jónsdóttir

From: Daníel Freyr Jónsson <daniel.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Sent: mánudagur, 22. ágúst 2022 12:10
To: skeidgnup@skeidgnup.is
Subject: Samstarsfnefnd um málefni Kerlingarfjalla - ósk um tilnefningu

Góðan daginn,

Í samræmi við 4. gr. auglýsingar um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum, óskar Umhverfisstofnun eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni einn aðila í samstarfsnefnd um verndarsvæðið. Jafnframt er óskað eftir því að tilnefningin berist eigi síðar en 17. september ásamt heimilisfangi og netfangi viðkomandi.

Í fjórðu grein auglýsingarinnar er kveðið á um að Umhverfisstofnun hafi umsjón með verndarsvæði Kerlingarfjalla. Með stofnuninni skal starfa þriggja manna samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa frá Umhverfisstofnun, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fullríu Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar og skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitastjórn. Nefndin skal funda minnst einu sinni á ári.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu á svæðinu, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar svo og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Forstjóri Umhverfisstofnunar skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskiptingin sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Bestu kveðjur, Best regards

Daníel Freyr
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúru, hafs og vatns, Department for Nature Conservation, Ocean and Water



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)